

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 12. júní 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps á skrifstofum hreppsins kl 10⁰⁰.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Birna Sveinsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana:

Bryndís B. Guðjónsdóttir var mætt á fundinn og kynnti ársreikning sveitarsjóðs og stofnana. Samkvæmt ársreikningnum voru skatttekjur sveitarsjóðs 149,5 milljónir, rekstur málaflokka nam 116,2 milljónum. Fjárfestingar námu 18,2 milljónum og hreint veltufé sveitarsjóðs lækkaði um 7.7 milljónir. Heildartekjur hafnarsjóðs námu 11,4 milljónum og rekstrargjöld 8,2 milljónum. Hreint veltufé lækkaði um 894 þús. Tekjur Fellsborgar námu 5 milljónum og rekstur málaflokka nam 5,2 milljónum og hreint veltufé lækkaði um 254 þús. Tekjur félagslegra íbúða nam 11,6 milljónum og rekstrargjöld 6,9 milljónum. Lækkun á hreinu veltufé félagslegra íbúða nam 5,3 milljónum.

2. Kosning í nefndir:

Eftirtaldir voru kosnir í

a) Skólanefnd:

Gunnar Þór Gunnarsson	til vara:	Adolf H. Berndsen
Helga Bergsdóttir	til vara	Birna Sveinsdóttir
Hólmgeir Kristmundsson	til vara	Fannar Viggósson
Þórarinn Grétarsson	til vara	Gunnar Halldórsson

b) Byggingarnefnd:

Gunnlaugur Sigmarsson	til vara:	Hjalti Reynisson
Magnús B. Jónsson	til vara:	Árni Geir Ingvarsson
Pétur Eggertsson	til vara	Helga Aradóttir
Sæmundur Gunnarsson	til vara:	Finnur Kristinsson
Vilhelm Harðarson	til vara:	Aðalheiður Árnadóttir

c) Hafnarnefnd:

Adolf J. Berndsen	til vara:	Jensína Lýðsdóttir
Bjarki Gunnarsson	til vara:	Hólmgeir Kristmundsson
Eðvarð Ingvason	til vara	Guðjón Guðjónsson
Gylfi Guðjónsson	til vara:	Árni Sigurðsson
Sævar Hallgrímsson	til vara:	Ágúst Ómarsson

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir**3. Önnur mál:**

Fyrir fundinum lá erindi frá Hestamannafélaginu Snarfara, dags. 10. júní sl. þar sem óskað er eftir stuðningi til að kaupa jakka á félagsmenn sem taki þátt í hópreið á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum fyrstu helgi í júlímánuði. Umræða varð um málefni hestamannafélagsins og var samþykkt að veita 150 þúsuna styrk á árinu til hestamannafélagsins án tillits til sérstakra verkefna.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12.⁴⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)